

Fundargerð 111. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 02. desember 2016, kl.12.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Undir lið nr. 2a. gengu inn á fund Marta Jónsdóttir, lögfræðingur ÞK og Sigurður Harðarson frá Centra.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Sala eigna - staða*

a. Íslenskar fasteignir

Stjórnarformaður bauð Mörtu og Sigurð velkomin inn á fundinn undir þessu lið.

Framkvæmdastjóri fór yfir sölubrúun fasteigna hjá ÞK frá upphafi, vinnu síðastliðinna vikna vegna tilboðs ÍF og vinnu Centra vegna þess. Stjórn var upplýst um fundi ÞK með bæði fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun og hafa þau verið vel upplýst um sölufarlið.

Sigurður Harðarson fór yfir kynningu Centra. Stjórn þakkaði Sigurði fyrir kynninguna.

Sigurður yfirlag fundinn kl. 13.22.

Stjórn bókaði eftirfarandi:

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að undirrita endanlegan kaupsamning um fasteignirnar í samræmi við fyrirliggjandi samþykkt kautilboð og fyrirliggjandi kynningu á nánari útfærslu sölunnar með sölu dótturfélaganna HV2 ehf. og HGSkila ehf. Í þessu felst að framkvæmdastjóra er heimilt að gera allar þær ráðstafanir og undirrita viðeigandi skjöl sem nauðsynlegt er í framangreindum tilgangi, þ.m.t.:

- ganga frá kaupum dótturfélaganna á viðkomandi fasteignum ríkissjóðs (í samráði við stjórnir félaganna).
- að gera Kadeco að kröfuhafa vegna kaupverðs viðkomandi fasteigna ríkissjóðs og ábyrgjast greiðsluna gagnvart ríkissjóði.
- ganga frá kaupum Seltúns ehf. á lóðarréttindum frá HV2 ehf. og sölu Flugvallarbrautar 710 frá Seltúni til HV2 (í samráði við stjórnir félaganna).
- að gera Kadeco að kröfuhafa Seltúns vegna mismunar á verði eigna sem fara á milli Seltúns og HV2.

UKK  
FHB  
SA

- hækka hlutafé í HV2 og lækka hlutafé í HGSKIL.
- selja hlutafé dótturfélaganna til kaupenda.
- semja við dótturfélögin um skuldauppgjör, þ.m.t. um kaup á veltufjármunum þeirra.
- semja við kaupendur/dótturfélögin um greiðslur eftirstöðva kaupverðs og undirrita viðeigandi skulda- og tryggingarskjöl.
- veita kaupendum/dótturfélagunum skilyrt leyfi til veðsetningar fasteignanna sem gengur framár rétti Kadeco, vegna endurbóta á fasteignunum.
- veita kaupendum/dótturfélagunum skilyrt leyfi til veðsetningar fasteignanna sem gengur framár rétti Kadeco, vegna langtímafjármögnunar.

Stjórn var sammála um að vinnan vegna kauptilboðs ÍF væri mjög vönduð og vel að allri vinnu staðið.

Stjórn fól framkvæmdastjóra umboð að vinna málið áfram og undirrita endanlega kaupsamninga fyrir hönd stjórnar samkvæmt bókun stjórnar hér að ofan.

*b. Tilboð í Bogatröð 2 frá Kvótasölunni ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Kvótasölunni í Bogatröð 2. Stjórn fól framkvæmdastjóra að gera gagntilboð uppá kr. 45 milljónir.

*c. Tilboð í Bogatröð 17, 31 og 33 frá Guðmundi Hlyni Gylfasyni fh. Rent Nordic ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð í eignir að Bogatröð frá Guðmundi H. Gylfasyni fyrir hönd Rent Nordic ehf. Stjórn hafnaði tilboðinu í Bogatröð 17 en tók tilboðunum í Bogatröð 31 og 33. Jafnframt fól stjórn framkvæmdastjóra að tilkynna leigjendum að Bogatröð 31 og 33 um kauptilboðið og bjóða þeim að nýta forkaupsrétt sinn samkvæmt leigusamningi þess efnis.

*3. Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd undir þessu lið.

Næsti stjórnarfundur áætlaður nú í desember, fyrir undirritun kaupsamnings við Íslenskar fasteignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50



Fjöla Þrúnd Björnsdóttir.

Sigrún Árnadóttir